

greidd áður en aðfararfræstur í máli þessu er liðinn 7 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur stefnanda 60 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 19. dez. 1934.

Nr. 151/1934. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Ólafi Guðjónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Áfengisлага- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 18. apríl 1934: Kærður, Ólafur Guðjónsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviftur leyfi til að stjórna bifreið í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og á stóð þykir eigi ástæða til að gera kærða ábyrgan fyrir það samkv. 7. málsg. 6. gr. laga nr. 70/1931, að hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi.

Fyrir brot þau, er kærði hefir framið, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og missi ökuleyfis í 1 ár frá birtingu héraðsdómsins, 18. apríl þ. á. að telja. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir mega staðfesta.

Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Guðjónsson, greiði 200 króna sekt í rikissjóð, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo skal kærði missa rétt til að stýra bifreið 1 ár frá 18. apríl þ. á. að telja. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Loks greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslauna skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Ólafi Guðjónssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis Strandveg 53 (Sigtúni) hér í bænum, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða, nr. 70, frá 8. september 1931, áfengislögum nr. 64, 19. maí 1930, og lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar nr. 41, frá 31. marz 1928.

Málavextir eru eftir því, sem upplýst er í málinu með játningu kærðs og á annan hátt, sem hér segir:

Síðari hluta dags þann 9. marz hitti kærður Gunnlaug Gunnlaugsson, bifreiðarstjóra, og sagði Gunnlaugur kærð-

um frá því, að hann hefði verið beðinn að fara með kol á vörflutningabifreið sinni suður í Stórhöfða, þá um kvöldið, og mæltist kærður til þess við Gunnlaug, að fá að fara með bilnum í ferð þessa og aka bifreiðinni, og skildu þeir síðan kærður og Gunnlaugur, en hittust aftur um kl. 6½ e. h. sama dag, og drukku þeir þá að mestu úr portvinsflösku, sem kærður keypti, og sem hann kveður Gunnlaug hafa keypt fyrir sig, en sem Gunnlaugur Gunnlaugsson kveður kærðan hafa keypt sjálfan, en um kl. 7 e. h. fóru þeir, kærður og nefndur Gunnlaugur Gunnlaugsson, af stað í umrædda ferð, á vörflutningabifreið Gunnlaugs, V. E. 55, með kol og fleira, frá kolaporti Ólafs Jenssonar, og voru 2 menn og einn drengur frá Sigríðarstöðum á Stór-Höfða með í bifreiðinni, og voru þeir ofan á farangri þeim, er var á burðarborði bifreiðarinnar, en kærður stýrði bifreiðinni, og sat Gunnlaugur Gunnlaugsson inni í stýrishúsi bifreiðarinnar hjá kærðum og ók kærður bifreiðinni upp á Skólaveg, og tóku þeir þar einn mann í bifreiðina í viðbót hjá „Vöruhúsi Vestmannaeyja“, Lárus Georg Árnason, bifreiðarstjóra, og var hann inni í stýrishúsi bifreiðarinnar hjá þeim kærðum og Gunnlaugi Gunnlaugssyni, samkvæmt beiðni þeirra eða boði, og ók kærður því næst bifreiðinni sem leið liggur áleiðis suður á Stór-Höfða.

Er hann kom nokkuð suður á Dalavegin, tók kærður að aka bifreiðinni með miklum hraða, eða 45—50 kílómetra á klst. eftir því sem hann sjálfur gizkar á, en hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi, og sást því eigi af honum hve hratt bifreiðin ók. Gunnlaugur Gunnlaugsson bað kærðan þá að hægja á ferðinni, en kærður gerði það eigi, og er kom suður fyrir húsið „Kiinn“ fóru hjól bifreiðarinnar vinstra megin út af veginum, en vegbrúnin er þar mjög lág, og ók kærður bifreiðinni dálitinn spöl þannig með hjól bifreiðarinnar öðru megin utan við vegbrúnina, en beygði því næst upp á veginn, en er kærður var að koma bifreiðinni upp á veginn, tókst honum eigi að snúa henni aftur þannig, að hann gæti ekið henni áfram eftir veginum, en bifreiðin rann vestur af veginum og steypist um leið, og valt nokkurn spöl frá veginum.

Kærður kveðst hafa fundið á sér litilsháttar áhrif á-

fengis á leiðinni, áður en slysið varð, en er bifreiðin steyptist kveðst hann hafa rekizt á vegg stýrishússins, og misst meðvitund, og kveðst ekki hafa vitað af sér aftur, fyrir en hann var kominn í aðra bifreið, áleiðis niður í kaupstaðinn, og kveðst hann er rannsókn málsins fór fram, ekki hafa séð umrædda bifreið eftir að slysið varð.

Hann hrufaðist á augnabrún og marðist eitthvað við umrætt tækifæri, en meiddist ekki að öðru leyti.

Kærður hefir haldið því fram við rannsókn málsins, að eitthvert ólag hafi verið á stýrisútbúnaði bifreiðarinnar, og að slysið muni hafa viljað til meðfram vegna þess, og kveðst kærður hafa orðið var við slíkt ólag á stýrisútbúnaði bifreiðarinnar einu sinni áður, er hann ók henni á s. l. sumri, en vegna þess að kærður hafði orðið var við slíkt ólag á stýrisútbúnaði bifreiðarinnar áður, hafði hann sérstaka ástæðu til að gæta sin vel við aksturinn, og getur það því eigi talizt honum til málsbóta, þó eitthvað ólag kunní að hafa verið á stýrisútbúnaði bifreiðarinnar.

Þeir Lárus Georg Árnason og Gunnlaugur Gunnlaugsson, er báðir voru í framsæti í stýrishúsi bifreiðarinnar hjá kærðum við umrætt tækifæri, hafa báðir verið yfirheyrðir fyrir rétti í málinu.

Lárus G. Árnason hefir borið það, að hann hafi ekki séð á þeim kærðum og Gunnlaugi Gunnlaugssyni, að þeir væru undir áhrifum áfengis við umrætt tækifæri. Hann kveður bifreiðina hafa ekið mjög hratt, og kveðst hafa lagst niður á gólfið í stýrishúsinu, og beygt sig undir tækjaborðið er bifreiðin steyptist, en því næst missti hann meðvitund, en er hann vissi af sér aftur, var hann í bifreiðinni er stóð þá rétt á hjólunum, en stýrishúsið var farið af henni, en þeir kærður og Gunnlaugur Gunnlaugsson voru þá eigi í bifreiðinni, og lá kærður, en Gunnlaugur stóð rétt hjá veginum að vestan verðu, og virtist svo sem stýrishúsið mundi hafa farið af bifreiðinni, og þeir kærður og G. G. oltið út úr henni strax er bifreiðin steyptist vestur af veginum. En þeir 3 menn, er voru á burðarborði bifreiðarinnar, höfðu samkvæmt framburði Lárusar G. Árnasonar og Gunnlaugs Gunnlaugssonar, dottið af bifreiðinni eða stokkið af henni, áður en bifreiðin steyptist.

Samkvæmt framburði Lárusar G. Árnasonar komu húðsprungur á enni hans við umrætt tækifæri, en annað meiddist hann ekki, að öðru en því að hann hafði verki í öxl og baki eftir slysið, sem hann taldi vera gigt, sem hafi versnað við umrætt tækifæri.

Gunnlaugur Gunnlaugsson hefir í framburði sínum hér fyrir réttinum, áætlað hraða bifreiðarinnar áður en slysið varð, 50–60 km. á kl.st. Hann hefir og borið það, að hann hafi, áður en þeir fóru af stað í umrædda ferð, varað kærðan við að neyta áfengis, þar eð hann ætlaði að aka bifreiðinni, og kveðst hafa talið hættulegt að aka bifreiðinni svo hratt, sem kærður gerði, og kveðst hafa beðið kærðan árangurslaust um að aka hægara, eins og að framan er drepið á, og kærður hefir játað rétt vera, og hefir Gunnlaugur haldið því fram í framburði sínum, að honum hafi virzt kærður vilja ögra sér með hinum hraða akstri, en kærður hefir eigi viljað kannast við, að svo hafi verið. Gunnlaugur kveðst hafa misst meðvitund er bifreiðin steyptist og legið í móunum við veginn, er hann fékk meðvitundina aftur, og lá kærður þá þar meðvitundarlaus skammt frá, og með því að ekki tókst þá strax að lifga hann við, fór Gunnlaugur til bæjarins til þess að ná í bifreið til þess að flytja kærðan á til bæjarins. Gunnlaugur kveðst hafa fengið lítilsháttar marbletti á hægri læri við umrætt tækifæri, en ekki meiddist annað.

Samkvæmt framburði Gunnlaugs Gunnlaugssonar skemmdist fyrrnefnd bifreið mjög mikið við umrætt tækifæri. Auk þess sem stýrishúsið fór af henni, eins og að framan greinir, rifnuðu aurbrettin af henni, vatnskassinn brotnaði, fjaðrir bognuðu, auk fleiri skemmda, og hefir kærður, sem eigi gat borið neitt um þetta sjálfur af framangreindum ástæðum, eigi véfengt framburð Gunnlaugs um þetta.

Samkvæmt framburði þeirra Lárusar G. Árnasonar og Gunnlaugs Gunnlaugssonar hruflluðust menn þeir, er voru á burðarborði bifreiðarinnar, eitthvað á andliti við umrætt tækifæri (2 þeirra samkvæmt framburði L. G. Á.), en þeir voru eigi yfirheyrðir fyrir rétti í málinu, vegna þess að við eftirgrenuslan lögreglunnar kom í ljós, að þeir gátu engar nýjar upplýsingar gefið í málinu.

Gunnlaugur Gunnlaugsson, eigandi fyrrnefndrar bifreiðar, hefir kannast við það við rannsókn málsins, að samkvæmt skoðunarvottorði nefndrar bifreiðar hans, megi aðeins vera 1 maður í framsæti bifreiðar þessarar, hjá bifreiðarstjóra, en eins og að framan greinir voru við umrætt tækifæri 2 menn í framsæti hjá bifreiðarstjóranum, og hefir kærður með því að álitni réttarins, brotið gegn ákvæði 4. gr. bifreiðalaganna um að skoðunarmenn bifreiða, ákveði hve margir farþegar megi vera í bifreið, en ákvæði þetta er samkvæmt 2. gr. 3. málsg. reglugerðar nr. 4, 1. febrúar 1928 auk fólksflutningabifreiða einnig talið gildi um framsæti í vöruflutningabifreiðum.

Auk þess hefir kærður með framangreindu framferði sínu, brotið gegn 3. málsg. 5. gr., 1. málsg. 2. málsg. og 7. málsg. 6. gr. og 1. málsg. 15. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70, 8. september 1931, 20. gr. áfengislaga nr. 64, 19. maí 1930, og gegn 3. mgr. 48. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, og þykir refsing sú, sem hann, sem eigi hefir áður gerst brotlegur gegn nefndum lögum, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Auk þessa skal kærður sviftur rétti til að aka bifreið í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn dráttur orðið.